

Mánudaginn 16. nóvember 1964.

Nr. 2/1964.

Ákærvaldið

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Arnoddi Gunnlaugssyni (Jón Hjaltason hrl.).

Dóمندur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Einar Arnalds, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Theódór B. Lindal.

Ákæra um fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdóminn hafa kveðið upp Jón Þorláksson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, og samdómendurnir Páll Þorbjörnsson og Þorsteinn Jónsson.

Samkvæmt þeirri einu staðarákvörðun, sem gerð var af starfsmönnum Landhelgisgæzlunnar, var vélbáturinn Suður-ey, VE 20, talinn vera um 0,9 sjómílur innan fiskveiðimarka fyrir íslensk fiskiskip, eins og greint er í héraðsdómi.

Eftir uppsögu héraðsdóms voru að tilhlutan saksóknara ríkisins dómkvaddir tveir sérfróðir menn til þess m. a. „að láta uppi álit sitt á því, hvort ein mæling, slík sem gerð var í flugvélinni, veiti öryggi um staðinn“. Í álitsgerð hinna dómkvöddu manna, sem þeir hafa eiðfest, segir um þetta efni svo: „Hvort sem um mælingu er að ræða á landi, af sjó eða úr lofti, teljum við, að öryggis vegna sé jafnan sjálfsagt að staðarákvörðunarmæling sé endurtekin eða sannprófuð með öðrum viðurkenndum staðarákvörðunaraðferðum, og teljum við því ekki, að ein mæling, slík sem gerð var í flugvélinni, veiti fullkomið öryggi um staðinn“.

Samkvæmt þessu þykir varhugavert að telja alveg fullnægjandi sannanir fram komnar fyrir því, að báturinn hafi verið innan fiskveiðimarkanna. Ber því að sýkna ákærða af kröfum ákærvaldsins í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti á ríkissjóð, þar

með talin málsvarnarlaun verjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðast samtals kr. 10.000.00.

Það er athugavert, að starfsmenn Landhelgisgæzlunnar reyndu ekki að gera bátsverjum viðvart, þegar framangreind staðarákvörðun hafði verið gerð.

Dómsorð:

Ákærði, Arnoddur Gunnlaugsson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður af sökinni greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 29. október 1963.

Mál þetta, sem dómtekið var föstudaginn 18. október, er höfðað fyrir sakadómi Vestmannaeyja á hendur Arnoddi Gunnlaugssyni skipstjóra, til heimilis að Bakkastíg 9, Vestmannaeyjum, með ákæru, útgefinni af saksóknara ríkisins 9. september 1963, „fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 87/1958, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 70/1958 um fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. nú 1. gr. reglugerðar nr. 3/1961 um fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 44/1948 og lög nr. 33/1922, sbr. enn fremur 1. mgr. 1. gr. laga nr. 5/1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. 1. gr. laga nr. 6/1959 um breytingu á þeim lögum, með því að hafa verið að botnvörpuveiðum á vélbátnum Suðurey, VE 20, síðdegis fimmtudaginn 8. ágúst 1963 út af Vík í Mýrdal innan fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í 1. gr. fyrrnefndrar reglugerðar nr. 3/1961. Ákærist því nefndur Arnoddur Gunnlaugsson til að sæta refsingu samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 87/1958 og 7. gr. reglugerðar nr. 3/1961, sbr. 3. gr. laga nr. 44/1948 og 1. gr. laga nr. 81/1952 um breytingu á þeim lögum, sbr. enn fremur 3. gr. laga nr. 5/1920 og 1. gr. laga nr. 5/1951 um breytingu á þeim lögum, til að sæta upptöku afla og veiðarfæra nefnds báts og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærði, Arnoddur Gunnlaugsson, er fæddur í Vestmannaeyjum 25. júní 1917 og hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

- 1947 2/4 Vestmannaeyjum: Dómur, 29.500 kr. sekt fyrir botnvörpuveiðar í landhelgi, afli og veiðarfæri v/s Sjöstjórnunnar gerð upptæk.
- 1950 20/2 Vestmannaeyjum: Dómur, varðhald í 2 mánuði, 42.500 kr. sekt fyrir landhelgisbrot. Afli og veiðarfæri m/s Suðureyjar, VE 20, upptæk.
- 1951 12/1 Dómur Hæstaréttar í sama máli, 74.000.00 kr. sekt. Afli og veiðarfæri upptæk.
- 1951 3/4 Vestmannaeyjum: Dómur, 8.500.00 kr. sekt fyrir brot á lögum nr. 5/1920.

Fimmtudaginn 8. ágúst 1963 var gæzluflugvélin TF-SIF á eftirlitsflugi fyrir suðurströnd Íslands. Veitti hún þá athygli mótorbát, er var að botnvörpuveiðum út af Vík í Mýrdal innan fiskveiðitakmarkanna.

Segir svo í skýrslu Landhelgisgæzlunnar:

„Fimmtudaginn 8. ágúst 1963 staðsetti gæzluflugvélin TF-SIF vélbátinn VE 20 (Suðurey) að ólöglegum botnvörpuveiðum út af Vík í Mýrdal.

Nánari atvik voru sem hér segir:

Kl. 1540 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun yfir bátnum, sem togaði með stb.vörpu og hélt austlæga stefnu:

Mávadrangur	> 38° 42'
Hatta Δ	> 67° 11'
Hjörleifshöfði	

Þetta gefur stað bátsins um 8.9 sjómílar innan 12 sjómílna fiskveiðitakmarkanna eða um 0.9 sjómílar innan leyfðra marka fyrir íslensk fiskiskip á þessum tíma árs.

Skömmu eftir að flogið var yfir bátinn í fyrsta skipti, sneri hann til stjórnborða og togaði út frá landi.

Mælingarnar voru gerðar með sextöntum af Garðari Pálssyni skipherra og Benedikt Guðmundssyni stýrim., en Ásgeir Halldórsson loftsk.m. ritaði mælingarnar niður.

Flughæð 250 fet, flughraði: 140 sjómílar. Veður: Hægviðri, skýjað, sæmilegt skyggni.“

Skýrsla þessi var undirrituð af Garðari Pálssyni skipherra. Garðar Pálsson skipherra, Benedikt Gunnar Guðmundsson stýrimaður og Ásgeir Halldórsson loftskýrtamaður mættu fyrir sakaðómi Reykjavíkur og staðfestu þeir allir efni skýrslunnar.

Sögðu þeir, að þegar mælingarnar á stað bátsins fóru fram, hafi skipherra og stýrimaður lesið af sextöntunum og einnig

hvor hjá öðrum, en loftskýtamaðurinn skrifað mælingarnar niður.

Þeir sáu allir greinilega númer bátsins og einnig, að hann togaði með stjórnbörðsvörpu.

Allir unnu þeir eið að framburði sínum.

Þá er ákærði mætti fyrir réttinum, viðurkenndi hann að hafa verið að veiðum í umrætt sinn, er flugvél Landhelgisgæzlunnar bar að. Hann sagðist örugglega hafa verið þarna á togveiðum fyrir utan fiskveiðimörk.

Hann segist ekki hafa gert staðarákvörðun í umrætt sinn, nema hvað hann setti radarinn í gang strax, er hann sá til flugvélarinnar, og er flugvélin var komin yfir bátinn, þá hafi radarinn sýnt 4.75 mílna fjarlægð frá landi, þar sem það var næst.

Dýpi segir hann, að þarna hafi verið 55 faðmar samkvæmt dýptarmæli skipsins.

Ákærði stóð einn að þessari athugun sinni, enda taldi hann ónauðsynlegt að fá hana staðfesta, þar sem flugvélin hafði ekkert samband við hann, og taldi hann því, að hún hefði ekkert athugavert fundið við veiðar þarna.

Stýrimaður ákærða gat engar upplýsingar gefið fyrir sakaðómi, enda var hann og allir aðrir en skipstjóri við störf á dekki eða í lest.

Síðar, er ákærði mætti fyrir rétti, þá mótmælti hann sem áður sakargiftum Landhelgisgæzlunnar. Hann sagði þá, að hann teldi útilokað, að landhelgisgæzluflugvélin gæti staðsett bát, sem væri á togferð, enda flogið þvert á miðunarstefnuna, og sé þá ekki hægt að gera nákvæma miðun.

Ákærði mótmælti einnig, að hann hefði togað í austlæga stefnu, þá er flugvélinar bar að, eins og starfsmenn Landhelgisgæzlunnar segja.

Hann segist þá hafa togað í suðvestur.

Í réttinum 21. september 1963 óskaði kærði eftir fresti í málinu, áður en það yrði dómtekið. Var hann veittur, og í sakaðómi 18. október 1963 mætti ákærði og óskaði eftir að fá skipaðan verjanda, sem dómurinn gerði, og var þá lögð fram skrifleg vörn.

Í vörninni, sem ákærði lýsti sig samþykkan í öllu, var krafizt algerrar sýknu og hún rökstudd meðal annars með því, að starfsmenn Landhelgisgæzlunnar hafi aðeins gert eina staðarákvörðun og ekki unnt fyrir flugvél á 140 sjómílna flughraða að staðsetja bát á togferð.

Einnig var því mótmælt í vörninni, að báturinn hafi togað í austlæga stefnu, þá er flugvélinar bar að.

Ákærði segir eins og áður, að kompásinn hafi sýnt stýrisstefnu í suðvestur, og sé því aðeins um tvennt að ræða, að staðarákvörðun sé gerð, áður en flugvélin er komin yfir bátinn, eða um ónákvæmni sé í skýrslu Landhelgisgæzlunnar að ræða að þessu leyti.

Einnig er bent á í vörninni, að flugvélin sé á flugi í vestur, miðin séu tekin í norður, þ. e. á hlið við vélinar, á 140 sjómílna flughraða.

Niðurstöður mælinga með þessum hætti eru vefengdar í vörninni, og einnig er bent á, að hornið Mávaðrangur—Hatta 38° 42' sé of lítið til að geta staðfest nákvæma mælingu.

Einnig er bent á í vörninni, að ekki sé upplýst um það, hvernig það sé staðreynt, er mælingar fóru fram, að flugvélin hefði þá verið í lóðréttri línu yfir m/b Suðurey.

Í vörninni er auk þess bent á, að jafnvel þótt talið yrði sannað, að um fiskveiðibrot væri að ræða í umrætt sinn, þá væri krafa um upptöku alls afla ólögleg, sbr. 3. tölulið 69. gr. laga nr. 19 frá 1940.

Einnig er bent á 43. gr. laga nr. 27/1951.

Dómurinn reyndi að færa út á sjókort í réttinum þann stað, sem ákærði taldi sig vera á samkvæmt radarmælingu sinni í umrætt skipti, og var þá bátur hans um það bil að vera á fiskveiðitakmörkunum.

Ekki verður talið, að mælingar starfsmanna Landhelgisgæzlunnar séu tortryggilegar, þótt hornið Mávaðrangur—Hatta sé 38° 42'.

Ekki þykir heldur ástæða til að vefengja, að þeir geti staðsett bátinn, þótt þeir hafi flogið þvert á miðunarstefnuna í umrætt sinn.

Með því að ekki þykir ástæða til þess að vefengja eiðfesta skýrslu starfsmanna Landhelgisgæzlunnar og sextantmælingar þeirra og með þeirri viðurkenningu ákærða, að hann gerði engar staðarákvarðanir að gagni í umrætt sinn né nokkur af skipshöfn hans, þykir sannað, að ákærði var að ólöglegum togveiðum innan fiskveiðitakmarkanna í umrætt sinn.

Hefur hann þar með gerzt brotlegur og bakað sér ábyrgð samkvæmt þeim lagaákvæðum, sem tilgreind eru í ákæru.

Gullgengi íslenzkrar krónu er nú á þá leið, að 100 gullkrónur jafngilda 1.951.09 seðlákronum.

Samkvæmt skipaskrá Vestmannaeyja er m/b Suðurey, VE 20, að stærð 84.90 rúmllestir brúttó.

Með tilvísun til þess, sem nú hefur verið rakið, og samkvæmt tilvitnuðum lagaákvæðum þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin kr. 20.000.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 6 vikna varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í m/b Suðurey, VE 20, skulu gerð upptæk, og renni andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar á meðal málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 4.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Arnoddur Gunnlaugsson, greiði kr. 20.000.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands innan 4ra vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 6 vikur.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í m/b Suðurey, VE 20, eru gerð upptæk, og rennur andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 4.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 16. nóvember 1964.

Nr. 120/1964. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Hjálmarí Jónssyni (Jón Hjaltason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, og samdómsmennirnir Páll Þorbjörnsson og Angantýr Elíasson hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.